

Rangárþing ytra
Rúnar Guðmundsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
10. des. 2010 10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. desember 2010
Tilvísun: UST20101200045/jbw

Efni: Deiliskipulag fyrir hálandismiðstöðina Hrauneyjar, Rangárþingi ytra

Umhverfisstofnun barst erindi dags. 26. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulag hálandismiðstöðvarinnar Hrauneyjar við Sprengisandsleið.

Deiliskipulagssvæðið og fyrra deiliskipulag

Hálandismiðstöðin var byggð árið 1994 og er þar nú gistiaðstaða fyrir um 100, veitingaaðstaða og eldsneytissala og er rekstur þar allt árið um kring.

Eldra deiliskipulag fyrir hálandismiðstöðina Hrauneyjar var unnið árið 1993 og breytt árið 1995 þegar aðstöðu til eldsneytisafgreiðslu var bætt við. Eldra deiliskipulag fellur úr gildi með þessu deiliskipulagi.

Mannvirki og markmið

Áætlað er að stækka gistirými um allt að 1.300 m² og að byggja allt að 350 m² fræðslustofu. Á svæðinu er gistiaðstaða og veitingasalir nú alls 1.200 m². Þar af er 797 m² bygging frá árinu 1994 og til viðbótar 20 herbergja gistirými sem bætt var við eftir það.

Markmið með deiliskipulaginu er að styrkja ferðapjónustu í hálandismiðstöðinni og koma til móts við fjölgun ferðamanna sem leggja leið sína inn á hálendið með fræðslu og upplýsingum. Bætt verður við gistiaðstöðu og byggð upp fræðslustofa, m.a. í tengslum við Vatnajökulþjóðgarð.

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Deiliskipulagssvæðið er innan Miðhálandisins. Skilgreining þess í deiliskipulaginu og í svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 er ekki sú sama. Í deiliskipulaginu eru Hrauneyjar skilgreindar sem hálandismiðstöð en í svæðisskipulagi Miðhálandisins er gert ráð fyrir jaðarmiðstöð í Hrauneyjum. Í svæðisskipulaginu kemur fram að þjónustustig á hálandismiðstöðvum sé almennt lægra en á jaðarmiðstöðvum. Um Hrauneyjar stendur eftirfarandi í svæðisskipulaginu: „*Alhliða þjónustumiðstöð ferðamanna við Sprengisandsleið, Fjallabaksleið nyrðri og Veiðivatnaleið. Á staðnum er ferðamannaaðstaða í einkaeign, gistihús, veitingasala, verslun, bensínsala o.fl. Flugbraut er í næsta nágrenni*“.

Deiliskipulagssvæðið tilheyrir Rangárþingi ytra og er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014. Þar er svæðið skilgreint sem miðstöðvarsvæði ferðamanna og fellur undir verslunar- og þjónustusvæðis.

Náttúruminjar, vernd

Deiliskipulagssvæðið er ekki innan svæðis á náttúruminjakrá en er í nágrenni við Friðland að Fjallabaki sem var lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979.

Í svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 kemur fram að Hrauneyjar-Veiðivatnahraun-Hágönguhraun er eitt af verndarsvæðum Miðhálandisins. „*Verndarsvæðin fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða. Enn fremur svæði með mikið útivistargildi, þar á meðal jaðarsvæði að byggð*“. Um svæðið stendur eftirfarandi í svæðisskipulaginu: „*Stór og samfelld öröskuð landslagsheild á eystra gosbeltinu, gosminjar og vatnasvið Veiðivatna. Tengir saman verndarsvæði sunnan og norðan Vatnajökuls. Mikil lindasvæði í vesturjaðri svæðisins*“.

Vatnsveita

Á deiliskipulagsupprætti kemur fram að neysluvatn er tekið úr borholu innan lóðar. Umhverfisstofnunin bendir á að öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skuli vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og að vatnslindir falli undir vatnsvernd samkvæmt ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Einnig bendir stofnunin á að allt jarðrask vegna vatnslagna í jörð ætti að lagfæra og færa svæði í fyrra horf.

Fráveitumál

Hætta er á mengun vatns/grunnvatns vegna frárennslis. Á deiliskipulagsupprætti kemur fram að frárennslí verði leitt í núverandi rotþró. Umhverfisstofnun gerir þá athugasemd að ekki er fjallað um tæmingu rotþróar og bendir á mikilvægi þess að farið sé eftir kröfum í 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 enda er í svæðisskipulagi Miðhálandisins ákvæði um ströngustu kröfur er varðar salernisaðstöðu og meðferð frárennslis á jaðarmiðstöðvum/hálandismiðstöðvum. Að lokum bendir stofnunin á mikilvægi þess að jarðrask vegna frárennslislagna og rotþróa í jörð innan svæðisins verði lagfært og fært í fyrra horf.

Úrgangur

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki er fjallað um úrgangsmál á deiliskipulagssvæðinu. Ekki kemur fram hvort að á svæðinu séu ruslagámar eða önnur sorpílát né hvernig frágangi þeirra er háttað. Gámar geta verið lýti í umhverfinu og því telur stofnunin mikilvægt að þeir falli sem best að landi. Stofnunin bendir á að setja þurfi reglur á þjónustusvæðinu og í stefnu deiliskipulagsins um meðferð og frágang sorpílátá/sorpgáma og tíðni tæminga þeirra með það í huga að fyrirbyggja lyktarmengun. Í þessu sambandi er mikilvægt að farið sé eftir reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003 enda er í svæðisskipulagi Miðhálandisins ákvæði um ströngustu kröfur er varðar meðferð sorps á jaðarmiðstöðvum/hálendismiðstöðvum.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun bendir á að í töflu 1 á bls. 7 eru vægi áhrifa ekki skilgreind, eingöngu er þar skilgreining á einkennum áhrifa, þ.e. hvort áhrifin eru talin verða jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss. Vægi áhrifa taka til þess hve jákvæð eða neikvæð áhrifin eru talin verða s.s. nokkur eða veruleg sbr. leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana, apríl 2007.

Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfismati í töflu á bls. 8 er ekki farið eftir skilgreiningum í töflu 1 á bls. 7. Þannig er ekki er lagt mat á einkenni sjónrænna áhrifa, þ.e. hvort þau eru talin verða jákvæð eða neikvæð, og ekki er lagt mat á áhrif á landslag, hvorki einkenni né vægi áhrifa. Ekki er þar heldur lagt mat á áhrif á aðra umhverfisþætti þ.e. náttúrufar, náttúruverndarsvæði, útivist og ferðamennsku, hvorki einkenni né vægi áhrifa. Stofnunin óskar eftir því að úr þessu verði bætt með þeim hætti að umhverfismatið verði í samræmi við skilgreiningar í töflu 1.

Í töflu á bls. 9 er samantekt á niðurstöðum þar sem settir eru inn plúsar og mínusar í samræmi við töflu 1. Stofnunin bendir þó á að erfitt er að átta sig á því fyrir hvaða áhrifaþætti plúsar og mínusar standa. Stofnunin óskar eftir því að úr þessu verði bætt.

Landslag og sjónrænir þættir

Umhverfisstofnun metur sem svo að aukning á byggingarmagni á svæðinu um rúmlega helming, þ.e. úr 1.200 m² í 2.500 m², muni hafa neikvæð sjónræn áhrif þar sem að búast má við að húsáþyrpingin verði meira áberandi frá nærliggjandi svæðum en nú er. Stofnunin telur að stefna deiliskipulagsins um að fyrirhugaðar byggingar verði í svipuðum stíl og núverandi hús dugi ekki til að milda sjónræn áhrif þeirra. Stofnunin telur að í deiliskipulagsskilmálum eigi að gera ýtarlegri kröfur um útlit húsa, bæði eldri og fyrirhugaðra húsa, á svæðinu svo að þau falli sem best að umhverfinu. Þannig ættu að vera ýtarlegri kröfur um heildarsamræmi á útliti húsa, þ.e. um svipaðan þakhalla, og sama byggingarefni og litaval húsa.

Náttúrufar og náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir það mat að fjölgun ferðamanna kunni að auka umferð um viðkvæm hálendissvæði og að fræðsla og upplýsingar bæti yfirleitt umgengni um landið. Að mati stofnunarinnar vantar þó mat á áhrifum deiliskipulagsins á viðkvæman gróður svæðisins

í ljósi þess að mosi á svæðinu og þolir illa ágang ferðamanna og rask vegna framkvæmda. Stofnunin metur sem svo að staðbundin neikvæð áhrif verði á gróður á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og telur því afar brýnt að jarðraski verði haldið í lágmarki og að mosa verði hlíf eins og kostur er utan við húsgrunna. Ef græða þarf upp raskað svæði telur Umhverfisstofnun mikilvægt að notaðar verði staðbundnar tegundir grasa við sáningu en bendir einnig á þann möguleika að varðveita gróðurþekju og leggja aftur yfir röskuð svæði.


Umhverfisstofnun telur að í umhverfisskýrslu eigi að meta mengunarhættu og áhrif framkvæmda og aukins fjölda ferðamanna á viðkvæman gróður svæðisins. Stofnunin telur afar brýnt að forsvarsmenn Hrauneyja taki mið af ágangspoli náttúrunnar við fyrirhugaða uppbyggingu og tryggi að öll aðstaða og umgengni miði að því að aukinn straumur ferðamanna skaði ekki svæðið.

Útivist og ferðamennska (þ.m.t. hagræn áhrif)

Umhverfisstofnun tekur undir það mat að betri fræðsla og upplýsingar um svæðið efli ferðamennsku og að bætt aðstaða styrki rekstarmöguleika og atvinnu á svæðinu, kunnir að skapa möguleika á nýrri tegund ferðaþjónustu og komi á mótis við kröfur ferðmanna. Þannig metur stofnunin svo að deiliskipulagið hafið jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu á svæðinu sem og jákvæð hagræn áhrif.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við deiliskipulag hálendismiðstöðvarinnar Hrauneyjar.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Jóhanna Björk Weissshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun